

Leikskólinn Sólborg  
Námskrá 5-6 ára barna



Endurskoðað og uppfært 2009

## Námskrá elstu barna í Sólborg

Námskrá 5-6 ára barna í Sólborg tekur mið af námskrá skólans og þeim markmiðum sem þar koma fram ásamt „Færniskema fyrir 5-6 ára leikskólabörn.“ Hér á eftir er markmiðum fyrir málrækt, læsi, stærðfræði, lífsleikni og hreyfingu gerð enn frekari skil. Stofa barnsins gerir vinnuáætlun og stundaskrá.

Undanfarin ár höfum við notað Þúsaldarljóðið eftir bræðurna Tryggva M. og Sveinbjörn I Baldvinsyni og tengt verkefni barnanna þessu frábæra ljóði. Ljóðið er uppsprettan og möguleiki barnanna til könnunarnáms er óþrjótandi.

Áhersla er lögð á að efla hópkennd barnanna m.a. með því að börnin hjálpi hvert öðru, sýni tillitssemi og kurteisi. Vinna í hópi krefst ögunar, við viljum að barnið læri að tileinka sér góð vinnubrögð og hegðun.

Ánægjuleg viðbót við starf elstubarna síðast liðið ár eru ferðir í Valsheimilið þar sem þau fá gott tæki til að kynnst stórum íþróttasal og þeim reglum sem gilda í því umhverfi.

Formlegu skólaári elstu barna lýkur með útskriftarferð sem er í senn fræðslu og skemmtiferð en þá fara börnin ásamt starfsfólki í dagsferð út fyrir borgina. Auk þess er haldin útskriftarathöfn í leikskólanum og er þá foreldrum boðið í leikskólann til að samgleðjast með börnum sínum.

Að lokum er kafli um athuganir og mat, skil til grunnskóla og samstarf við hverfissskólann okkar. Upplýsingar um sumarstarf elstu barna fá foreldrar í vor.

## Málrækt, stærðfræði og undirstöðufærni í læsi.

Við upphaf skólagöngu er mikilvægt að börn hafi tileinkað sér ákveðna þætti sem líta má á sem undirstöðufærni undir hefðbundið grunnskólanám. Börn tileinka sér þessa færni smám saman í leikskólanum með þátttöku í leik og starfi. Á síðasta ári barns í Sólborg viljum við ganga úr skugga um að þessari undirstöðufærni sé náð, efla hana enn frekar eða aðstoða barnið við að tileinka sér hana.

### Markmið sem unnið er að:

- að læra Þúsandarljóðið og skilja textann.
- að æfa frásögn og framsögn í hóp
- að læra hugtök, þulur og vísur.
- að beita rökhugsun spyrja spurninga og leita svara.
- þjálfva hlustun, hljóðgreiningu og einbeitingu sem eru undanfarar lestrarnáms. Fyrir heyrnarlaus/skert börn þarf að aðlaga þennan áhersluþátt með þjálfun sjónrænnar úrvinnslu, skammtímaminnis og notkunar ritmáls. Einnig er lögð áhersla á notkun tölvu.
- að þau öðlist grundvallarþekkingu í formum, tölum og stærðfræði hugtökum
- að æfa sig að vinna í stórum hóp og geta viðhaft viðeigandi vinnubrögð.
- vinna með skriffæri og æfa samhæfingu augna og handa.

### **Leiðir**

Eins og sagt var hér að ofan er megin þemað Þúsaldarljóðið og því ráðast verkefni svólítið af áhuga barnanna samanber könnunaraðferðina.

Rík áhersla er lögð á að börnin fari eftir fyrirmælum, þá eru t.d. unnin ýmis fyrirmælaverkefni þar sem börnin æfast í að einbeita sér og hlusta. Hljóðgreining málsins er æfð í ýmis konar hlustunarleikjum. Þessir leikir æfa forhljóð, samstöfur, rím og lengd orða. Börnin læra um orð og setningar, málnotkun þeirra er þjálfuð með frásögn og orðaforði aukinn m.a. með því að kenna þulur og vísur. Áhugi barnanna er vakinn á formum í umhverfinu. Börnin læra heiti formanna og þau móta formin og vinna á myndrænan hátt. Í gegnum spil og leiki er unnið með talningu og talnagildi. Fjölbreytileg vinna fer fram með skriffæri s.s. að teikna, lita og mála en þessar æfingar styrkja samhæfingu barnsins.

### **Lífsleikni / félagasfærni / samskiptahæfni**

Lífsleikni er geta einstaklings til að laga sig að mismunandi aðstæðum og breyta á jákvæðan hátt. Sú geta gerir okkur kleift að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs. Hæfni til samskipta er síðan grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum.

#### **Markmið lífsleikni eru að börnin læri að:**

- tileinka sér undirstöðuatriði heilbrigðs lífs og lífsviðhorfa í samneyti við jafningja í leik og starfi.
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og samferðafólki sínu.
- vera umburðarlynd gagnvart ólíkum skoðunum, menningu og reynslu.
- bera virðingu fyrir náttúrunni, dýrum og jurtum.
- þekkja eigið sjálf, þróa með sér jákvæða sjálfsmynd og tilfinningu fyrir eigin getu.
- auka færni sína til samskipta og umgengni við félagana.
- beita rökhusun, spyrja spurninga og leita svara.
- virða lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum og samfélaginu .
- í samskiptum manna er nauðsynlegt að hafa tiltekna hegðunarreglur sem öllum ber að virða.

#### **Framkvæmd og leiðir**

Markmið lífsleikninnar er rauði þráðurinn í allri starfsemi Sólborgar. Unnið er að þessum markmiðum í öllu starfi og leik. Greina má mörg markmið lífsleikninnar í markmiðum einstakra námssviða. Sem dæmi má nefna námssviðið „Náttúra og umhverfi“ en þar er stefnt að því að gefa börnunum tækifæri til að dýpka skilning sinn á náttúrunni, dýrum og jurtum og hvernig við berum virðingu fyrir þeim.

#### **Stig af stigi kennsluefnið**

Auk þess munum við með sérstöku kennsluefni sem ber heitið Stig af Stigi þjálfva börnin í félagsfærni /lífsleikni.

### Markmið kennslunar er að börnin læri:

- að ráða í og viðurkenna tilfinningar annarra, setja sig í spor annarra, sýna öðrum tillitsemi, og geta horft á hlutina af sjónarhóli viðmælandans.
- að læra aðferðir til að leysa úr vanda á skipulagðan hátt. Temja sér sjálfstjórn og samvinnu.

## Hreyfing

Hreyfing í leikskóla er hvers konar líkamleg þjálfun sem miðar að auknum líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barnanna. Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað og stuðlar hreyfing að vellíðan barnanna. Hreyfifærni er auk þess þýðingarmikil fyrir aðra þroskaþætti, t.d. mál- og félagsþroska. Það er því mikilvægt að fjölbreytt hreyfinám skipi veglegan sess í uppeldi barna.

### Markmið hreyfingar og ferða eru að:

- ferðast saman í hóp og fylgja umferðarreglum
- styrkja þol og úthald á langri göngu
- öðlast öryggi í íþróttasal og búningsklefa
- geta klætt sig úr og í íþróttafötin og gengið frá eftir sig.
- fylgja fyrirmælum í hópleikjum í stóru rými
- læra ýmsa hópleiki
- efla félagsþroska og sjálfsmýnd
- auka hraða, þol, kraft, liðleika og viðbragð.
- stuðla að líkamlegri vellíðan barnsins og hreyfikleði.

### Leiðir

- Hreyfing er stór þáttur í starfsemi Sólborgar. Elstu börnin fara einu sinni í viku í íþróttatíma sem fram fara í Valsheimilínu.
- Einnig er boðið uppá sumaríþróttir þar sem eingöngu er verið úti í leikjum, gönguferðum og fleiru.
- Í útiverunni hittast börnin af öllum stofum og leika sér saman. Lengd útiveru miðast við veður. Þar komast þau í snertingu við nátturuna og læra að meta hana sem vettvang hreyfingar. Í nánasta umhverfi leikskólans er mikið útivistarsvæði sem býður uppá göngu- og jafnvel fjöruferðir.

„Holl hreyfing og frískt loft er auðvitað mikilvægt, en mikilvægara er þó að útiveran lætur börnunum líða vel í sálinni. Það gerir frelsið og næðið til að stjórna eigin leikjum, stærð athafnasvæðisins og útrásin“. *Áslaug Jóhannsdóttir M. Ed. í menntunar og kennslufræðum, Skólavarðan 5 tbl. 4 árgangur.*

## Athuganir og mat

Meginmarkmið með athugunum og mati á börnum í Sólborg er að fylgjast vel með þroskaframvindu hvers barns. *Lög um leikskóla* kveða á um að efla skuli alhliða þroska barna, greina frávik í þroska og mæta þörfum barna þar sem þau eru stödd. Mat og athuganir eru meginleið til að uppfylla ákvæði laga og skipuleggja markvisst

leikskólastarf. Starfsfólki ber einnig að veita foreldrum upplýsingar um stöðu barnsins og líðan í leikskólanum. Í Sólborg leggur starfsfólk áherslu á að nota fjölbreyttar matsaðferðir, meta reglulega og deila skráningu og niðurstöðum með foreldrum. Við athuganir byggir starfsfólk á fyrirliggjandi þekkingu sinni á börnunum og þeirri staðreynd að börnin eru öll mismunandi einstaklingar sem þroskast hvert á sínum hraða.

### **Mat starfsfólks er m.a. byggt á upplýsingum sem safnað hefur verið í Möppu barnsins. Möppumat**

- atferlisathugunum á barninu í leik og starfi.
- gögnum, t.d. teikningum, sem reglubundið er safnað saman.
- mati á hvernig barninu hefur gengið að ná þeim markmiðum sem unnið hefur verið að.

### **Formlegri matstæki**

- Færnikemi Sólborgar sem notaðir er sem viðmið varðandi færni sem við kjósum að flest börn hafi tileinkað sér við útskrift
- greiningartækið „Hljóm“ sem metur hljóð- og málvitund barna er lagt fyrir í upphafi síðasta skólaárs í Sólborg. Verkefni og vinna eru síðan skipulögð í samræmi við niðurstöður.

Niðurstöður eru teknar saman einu sinni á ári. Þessum upplýsingum er deilt með foreldrum í viðtali í febrúar ár hvert.

## **Upplýsingamiðlun við upphaf grunnskólagöngu**

Kveðið er á í lögum um að leikskólinn veiti grunnskólanum upplýsingar við lok leikskóla um stöðu og hæfni barnsins. Við munum byggja þessar upplýsingar á ofangreindum athugunum og mati. Óskað verður eftir samráði og undirskrift foreldra þegar þar að kemur. Upplýsingarnar munu byggja á:

- Möppumati og foreldraviðtölum
- Niðurstöður úr Hljóm 2 athugun
- Færnisskemi Sólborgar

## **Samstarf leik og grunnskóla**

Samstarf er með formlegum hætti við hverfissskólann okkar Hlíðaskóla. Samskipti við aðra grunnskóla er einungis í formi upplýsingamiðlunar að vori. Sé um að ræða börn með sérþarfir tekur samstafið mið af þörfum barnsins.

Samstarf við Hlíðaskóla hefur verið í þróun og felst í heimsóknnum bæði inn í bekk, skoðunarferð um skólann og heimboð á leikskýningu í Hlíðaskóla. Einnig koma fyrstu bekkingar í heimsókn í Sólborg á haustönn.